Fjármálavit

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 1

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á einstaklinginn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.



Aldur: 16 ára.

Nafn: _____

Skóli: _____

Vinna með skóla: _____

Laun eftir skatt: _____

Fastur kostnaður á mánuði:

- Áskrift í ræktina = _____

Markmið: _____

Einstaklingurinn ykkar er í 10. bekk, æfir handbolta fimm sinnum í viku og fer einnig reglulega í ræktina. Hann vinnur með skólanum til að geta notið lífsins og fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur einnig oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott. Hann flutti nýlega úr sínu gamla hverfi og þarf því að ferðast á milli með strætó. Foreldrar hans greiða æfingagjöldin fyrir handboltann en sjálfur greiðir hann fyrir strætókort þar sem hann neitaði að fara í skóla í nýja hverfinu.

Hann hefur sett sér markmið sem hann þarf að safna fyrir, en það er erfitt að safna peningum þegar freistingarnar eru víða. Til að ná markmiðinu þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði. Hann á 400.000 kr. inn á framtíðarreikningi sem hann getur tekið út þegar hann verður 18 ára.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir mánaðarlega þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að ein strætóferð kostar 315 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 52.000 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði/ár þar til markmiðinu er náð.

Fjármálavit

SPARNAÐARÁÆTLUN · PERSÓNA 1

Að setja sér markmið



Nafn: _____

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hann til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun

Laun eftir skatt:

Fastur kostnaður:

Eftirstöðvar:

Annar kostnaður *teldu upp eitt og annað sem fellur til:*

Annað *(óvæntar uppákomur o.fl.):*

1 Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2 Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hann?

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 2

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á stelpuna ykkar, í hvaða skóla hún er og hvar hún vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hún vill safna.



Aldur: 17 ára.

Nafn: _____

Skóli: _____

Vinna með skóla: _____

Laun eftir skatt: _____

Fastur kostnaður á mánuði:

- Tryggingar á bíl **= 20.000 kr.**

Markmið: _____

Persónan ykkar er á öðru ári í framhaldsskóla og býr í Breiðholti. Hún á gamlan smábíl sem hún fékk frá foreldrum sínum á 17 ára afmælinu og greiðir sjálf fyrir bílatryggingu og bensín. Henni finnst dálítið dýrt að reka bílinn auk þess sem hún óttast að bíllinn fari bráðlega að bila og að þá eigi hún ekki fyrir viðgerð. Hún æfir badminton 4 sinnum í viku sem foreldrar hennar greiða fyrir. Hún fer í keppnisferðir einu sinni á ári sem hún borgar sjálf. Henni finnst fátt skemmtilegra en að versla alls konar dót á netinu.

Hún hefur sett sér markmið sem hún þarf að safna fyrir. Til að ná því ætlar hún að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiði er náð.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hún þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hún á mikið eftir þegar hún hefur greitt fastan kostnað.
- Hversu miklu hún eyðir í mat, bensín og aðrar nauðsynjar.
- Að ein strætóferð kostar 315 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 52.000 kr.
- Að meðalkostnaður á bensíni er um 15 – 20.000 kr. á mánuði.
- Hversu mikið hún getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði.

Fjármálavit

SPARNAÐARÁÆTLUN · PERSÓNA 2

Að setja sér markmið



Nafn: _____

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hana til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hún getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun

Laun eftir skatt:

Fastur kostnaður:

Eftirstöðvar:

Annar kostnaður *teldu upp eitt og annað sem fellur til:*

Annað *(óvæntar uppákomur o.fl.):*

1 Hvað tekur það hana marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2 Þarf hún að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hún?

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 3

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á stelpuna ykkar, í hvaða skóla hún er og hvar hún vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hún vill safna.



Aldur: 16 ára.

Nafn: _____

Skóli: _____

Atvinna: _____

Engin laun

Kostnaður á mánuði:

- Skyndibiti og önnur afþreying = ____

Markmið: _____

Persónan ykkar er í 10. bekk, elskar tölvuleiki og hefur eytt miklum peningum í þá síðustu árin. Hún er mikill áhugamaður um myndlist og væri alveg til í námskeið sem kostar allt að 90.000 kr. á ári en þar sem hún er ekki í vinnu hefur hún ekki efni á því. Flestir vinir hennar vinna eitthvað með skólanum en hún ákvað að gera það ekki og hefur 200.000 kr. sem eftir eru af sumarlaununum til að nota yfir vetrarmánuðina (9 mánuði). Hún er hins vegar alltaf blönk og getur leyft sér lítið og væri alveg til í að skoða einhverja vinnu sem gefur henni um 60 – 80.000 kr. á mánuði eftir skatt.

Hún hefur sett sér markmið sem hún vill byrja að safna fyrir. Til að ná því þarf hún að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiðinu er náð.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Upphæð sem hún þarf að safna fyrir til að ná markmiði sínu.
- Hvað hún eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Hvernig hún getur safnað upp sparnaði þegar hún er ekki í vinnu. Hvað getur hún gert?
- Hversu mikið hún getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði eða ár.
- Ein strætóferð kostar 315 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 52.000 kr.

Fjármálavit

SPARNAÐARÁÆTLUN · PERSÓNA 3

Að setja sér markmið



Nafn: _____

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hana til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hún getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun

Laun eftir skatt:

Fastur kostnaður:

Eftirstöðvar:

Annar kostnaður *teldu upp eitt og annað sem fellur til:*

Annað *(óvæntar uppákomur o.fl.):*

1 Hvað tekur það hana marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2 Þarf hún að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hún?

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 4

Að setja sér markmið

Ákveðið nafn á einstaklinginn ykkar, í hvaða skóla hann er og hvar hann vinnur.
Ákveðið markmið, þ.e. fyrir hverju hann vill safna.



Aldur: 17 ára.

Nafn: _____

Skóli: _____

Vinna með skóla: _____

Laun eftir skatt: _____

Fastur kostnaður á mánuði:

- Trygging á bíl **= 18.000 kr.**
- Áskrift að sjónvarpi Símans = _____

Markmið: _____

Einstaklingurinn ykkar er í námi, er með algjöra bíladellu og finnst fátt skemmtilegra en að hjálpa frænda sínum á verkstæðinu við að gera upp gamla bíla. Hann var svo heppinn í fyrra að eignast gamlan ónothæfan bíl sem hann og frændi gerðu upp saman. Hann fer oft á rúntinn með kærustuna en finnst leiðinlegt hvað bíllinn eyðir miklu bensíni. Hann er með aðra dellu sem eru sjónvarpsseríur en hann elskar að slaka á með kærustunni og horfa á marga þætti í einu. Foreldrar hans vilja helst að hann eyði tímanum í eitthvað uppbyggilegra og láta hann greiða sjálfan fyrir auka áskrift.

Hann hefur sett sér markmið sem hann vill byrja að safna fyrir. Til að ná því þarf hann að leggja fyrir pening á sparnaðarreikning í hverjum mánuði þar til markmiðinu er náð.

Hafið í huga eftirfarandi:

- Upphæðina sem hann þarf að safna til að ná markmiði sínu.
- Hvað hann á mikið eftir þegar hann hefur greitt fastan kostnað.
- Hvað hann eyðir miklu í skyndibita og skemmtanir.
- Að meðalkostnaður á bensíni er 15 – 20.000 kr. á mánuði.
- Ein strætóferð kostar 315 kr. fyrir farþega á aldrinum 12 – 17 ára en árskort 52.000 kr.
- Hversu mikið hann getur lagt inn á sparnaðarreikninginn þennan mánuðinn og næstu mánuði þar til markmiðinu er náð.

Fjármálavit

SPARNAÐARÁÆTLUN · PERSÓNA 4

Að setja sér markmið



Nafn: _____

Svarið neðangreindum spurningum og gerið áætlun fyrir hann til að ná markmiði sínu.
Stillið upp sparnaðaráætlun sem hann getur notað áfram næstu mánuði til að spara fyrir markmiðinu.

Sparnaðaráætlun

Laun eftir skatt:

Fastur kostnaður:

Eftirstöðvar:

Annar kostnaður *teldu upp eitt og annað sem fellur til:*

Annað *(óvæntar uppákomur o.fl.):*

1 Hvað tekur það hann marga mánuði að safna fyrir markmiðinu?

2 Þarf hann að breyta neysluvenjum sínum til að ná markmiði sínu? Ef svo er, hverju breytir hann?

Annað